



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. október 2019.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), á þingskjali 26 – 26. mál.

KPMG ehf. hefur kynnt sér framangreint frumvarp og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

Í frumvarpinu er lagt til að við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/2088, um virðisaukaskatt, verði aukið nýjum tölulið er kveði á um að undanþegnar virðisaukaskatti verði fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Í greinargerð frumvarpsins kemur glögg fram það markmið með tillögunni að sveitarfélög fái framvegis úr ríkissjóði „fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna fráveituframkvæmda“.

KPMG ehf. telur tillögu frumvarpsins ekki til þess fallna að ná því markmiði. Jafnframt þykir KPMG ehf. tillagan óskýr.

Í undanþágu samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 felst að sá er selur þjónustu, sem þar er lýst undanþegin, skal ekki innheimta virðisaukaskatt af söluverði þjónustunnar. Undanþágan nær hins vegar ekki til kaupa á aðföngum til þjónustunnar, skv. 4. mgr. sömu lagagreinar. Þá fær þjónustusalinn virðisaukaskatt af aðföngum ekki endurgreiddan í formi innskatts, þar sem innskattsréttur er bundinn við aðföng til virðisaukaskattsskyldrar sölu, skv. 1. mgr. 16. gr. sömu laga.

Á skipan tillögunnar innan 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 verður helst lagður sá skilningur að undanþegin virðisaukaskatti skuli vera þjónusta við fráveituframkvæmdir sem atvinnufyrirtæki selja sveitarfélögum. Því fylgir að atvinnufyrirtækin fá virðisaukaskatt af aðföngum til þjónustunnar ekki endurgreiddan í formi innskatts, sem óhjákvæmilega kemur fram í verði þjónustunnar til sveitarfélaganna. Með þeim hætti bæru sveitarfélögin í raun þann virðisaukaskatt og því sýnt að yfirlýstu markmiði yrði ekki náð. Þessi skipan hefði óheppileg áhrif fyrir atvinnufyrirtækin sem þjónustuna seldu sveitarfélögunum. Almennt má gera ráð fyrir að þau hefðu jafnframt með höndum virðisaukaskattsskylda mannvirkjagerð og/eða verktakastarfsemi. Þau hefðu ekki innskattsrétt vegna fráveituframkvæmdanna, en hefðu innskattsrétt vegna annarra framkvæmda. Innskattsréttur vegna aðfanga er vörðuðu báða þætti, t.d. kaup og rekstur tækja, yrði hlutfallslegur og það hlutfall gæti verið breytilegt milli ára, með eftir atvikum skyldu eða heimild til leiðréttingar innskatts. Hætta á mistökum er umtalsverð við slíkar aðstæður og skatteftirlit torvelt.

Miðað við umræddan skilning á efni tillögunnar yrðu með henni sveitarfélög leyst undan skyldu til að reikna virðisaukaskatt og greiða í ríkissjóð af eigin vinnu við fráveituframkvæmdir, sbr. ákvæði 4. máls. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Framangreindur skilningur á tillögunni er ekki óyggjandi því á orðalag tillögunnar er unnt að leggja þann skilning að undanþágan nái aðeins til fráveituframkvæmda sem sveitarfélögin sjálf standa að með sínum starfsmönnum og tækjum. Miðað við þennan skilning ætti tillagan betur heima innan 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Ef síðar nefndi skilningurinn er lagður á tillöguna gengur hún þvert á það grundvallarsjónarmið að virðisaukaskattur eigi ekki að hafa áhrif á val sveitarfélaga, og annarra opinberra aðila, um það hvort þau kaupa þjónustu af atvinnufyrirtækjum eða þjónusta sig sjálf. Því sjónarmiði er mætt með tvennum hætti í gildandi lögum. Annars vegar með því að sveitarfélögum er gert að reikna og greiða virðisaukaskatt af þjónustu tiltekinna tegunda til eigin nota, skv. 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988. Hins vegar með því að endurgreiða þeim úr ríkissjóði þann virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á þjónustu tiltekinna tegunda af atvinnufyrirtækjum, skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Mannvirkjagerð, þ.m.t. fráveituframkvæmdir, falla nú undir fyrr nefnda flokkinn, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, þar sem nánar er kveðið á um greiðsluskyldu þá sem mælt er fyrir um í 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

KPMG ehf. leyfir sér að benda á einfalda leið til að ná yfirlýstu markmiði frumvarpsins. Hún er að færa fráveituframkvæmdir á vegum sveitarfélaga úr fyrr nefnda flokknum í hinn síðarnefnda, þ.e. að kveða á um að í stað þess að sveitarfélögum sé gert að reikna og greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu við fráveituframkvæmdir þá verði kveðið á um að endurgreiða skuli sveitarfélögum úr ríkissjóði þann virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á þjónustu við slíkar framkvæmdir. Tillaga í 1. gr. frumvarpsins gæti þá hljóðað: Við 3. mgr. 42. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðist svo: Þjónustu við fráveituframkvæmdir.

Með umsögn þessari tekur KPMG ehf. ekki afstöðu til markmiðs með tillögunni, sem lýtur að flutningi fjár frá ríki til sveitarfélaga og er fremur af pólitískum toga en skatttæknilegum.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

